

### 3. bekkur

#### Námsgrein: Íslenska

**Kennarar:** Erla María og Ingunn Rós

**Nemendur:** 32

**Tímafjöldi:** 7

#### Menntagildi námsgreinar:

Góð kunnáttá í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Íslensku kennslu er í meginatriðum skipt upp í fjóra flokka: talað mál og hlustun, lestar og bókmenntir, ritun og málfræði. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þáttöku í samfélaginu. Í lýðræðisþjóðfélagi er mikilvægt að geta tekið virkan þátt í ýmis konar umræðum, hlustað af athygli, skilið og greint þær upplýsingar sem fyrir augum og eyrum ber.

Kröfur samfélagsins til lestrarfærni hafa breyst mikið á undanförnum árum. Mikilvægt er að nemendur nái góðum leshraða en ekki síður að þeir öðlist góðan lesskilning og séu gagnrýnir á þann texta sem þeir lesa. Leitast er við að auka leshraða, lesskilning, almennan lestrararáhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntaarfí með lestri margs konar bókmenntaverka og ritaðra texta. Lestur og ritun tengjast óhjákvæmilega. Til þess að nemendur geti mætt kröfum samfélagsins um að geta tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi þurfa þeir bæði að beina sjónum sínum að sjálfum textanum, efni hans, skipulagi, málsniði, stíl og tæknilegum atriðum eins og skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágangi. Í ritunarverkefnum er lögð áhersla á að nemendur setji efni sitt skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, allt frá frjálsri ritun til skipulagðra ritunarverkefna. Markmið málfræðikennslunnar er að gera nemendur færa til að ræða um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmáli sínu.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

| Námsflokkar:                      | Hæfniviðmið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | Kennsluhættir                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            | Námsmat                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
|-----------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Talað mál,<br>hlustun og<br>áhorf | <p><b>Nemandi getur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt skýrum og áheyrilegum framburði,</li> <li>• tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi,</li> <li>• sagt frá eftirminnilegum atburði,</li> <li>• hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,</li> <li>• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi,</li> </ul>                                                                                                                                                                                                  | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur æfa framsögn með ýmsum hætti t.d. lesa þeir úr sögubókum, lesa ljóð, lýsa og segja frá hlutum. Þá fá þeir leiðbeiningar um vandaðan upplestur.</li> <li>• Menningarstund og árshátið þar sem allir nemendur koma fram.</li> <li>• Hlusta á sögur og segja frá þeim.</li> <li>• Spjall í heimakrók og bekkjarfundir.</li> </ul>                                                                                                                                                                         | <p>Í <u>öllum flokkum</u> er leiðsagnarmat sem felst í því að nemandi fær leiðbeiningar og hvatningu á meðan á vinnu stendur. Símat og leiðsagnarmat fer fram á allri vinnu nemenda.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| Lestur og<br>bókmenntir           | <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,</li> <li>• nýtt góðan orðaforða, þekkingu sína og reynslu til að skilja texta og ráða í merkingu orðs út frá samhengi,</li> <li>• tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,</li> <li>• valið sér lesefni eftir áhuga og þörf sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings,</li> <li>• beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap,</li> <li>• beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími og vísu,</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Við skipulag lestrarnámsins er tekið mið af þroska og getu nemenda. Hver nemandi fær lesefni við hæfi úr bókasafni kennarans sem eru lestrarbækur afhentar í þyngdarröð.</li> <li>• Nemendur lesa heima daglega með aðstoð forráðamanna. Einnig lesa nemendur hjá kennara. Þá hafa nemendur greiðan aðgang að bókum í skólastofunni og á bókasafni skólans sem þeir geta skoðað eða lesið.</li> <li>• Lesið er fyrir nemendur þar sem áhersla er lögð á málskilning, hlustunarskilning og orðaforða.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesferill lagður fyrir í september, janúar og maí.</li> <li>• Lesskilningspróf – Orðarún lagt fyrir á haust- og vorönn.</li> </ul> <p><b>Viðmið í lestri við lok 3. bekkjar:</b></p> <p><b>Árangur</b><br/>         120 orð á mínútu eða meira er mjög góður árangur.<br/>         100 – 120 orð á mínútu er góður árangur.<br/>         55 – 100 orð á mínútu er nokkuð góður árangur.<br/>         0 – 55 orð á mínútu, nemandi þarfast aðstoðar.</p> |

|       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                  |
|-------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|       | <ul style="list-style-type: none"> <li>aflað sér upplýsinga úr ýmsum gagnagrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi,</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | <ul style="list-style-type: none"> <li>Lestrarátak er tvisvar á ári.</li> <li>Nemendur fá <i>Orðabók</i> þar sem þeir eiga að skrá niður þau orð sem þeir ekki skilja.</li> <li>Nemendur fá <i>Orðabók</i> þar sem foreldri velur 5 orð eftir daglegan lestur barnsins, sem barnið síðan skrifar í bókina. Barnið athugar því næst hvort orðin eru rétt rituð og lagfærir ef við á.</li> <li>Notast verður við fjölbreytt lesskilningsverkefni.</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                  |
| Ritun | <ul style="list-style-type: none"> <li>dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,</li> <li>nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum er varða byggingu texta, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag,</li> <li>samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,</li> <li>beitt einföldum stafsetningar-reglum eins og stór stafur, n/nn reglan, tvöfaldur samhljóði,</li> <li>nýtt sér fyrirmyn dir í ritun s.s. af lestri bóka og blaða,</li> <li>skrifað texta á tölvu og beitt einföldstu aðgerðum í ritvinnslu,</li> <li>skrifað og leyft öðrum að njóta bess með upplestri höfundar eða lestri lesenda,</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Haldið er áfram að þjálfa frumatriði skriftar svo sem að draga rétt til stafs, rétt grip á skriffæri, réttar líkamsstillingar, snyrtileg vinnubrögð og góðan frágang.</li> <li>Ritun í atburðabók og sögubók.</li> <li>Nemendur fá <i>Orðabók</i> þar sem þeir eiga að skrá niður þau orð sem þeir ekki skilja.</li> <li>Nemendur fá <i>Orðabók</i> þar sem foreldri velur 5 orð eftir daglegan lestur barnsins, sem barnið síðan skrifar í bókina. Barnið athugar því næst hvort orðin eru rétt rituð og lagfærir ef við á.</li> <li>Stafsetningarreglur teknar fyrir og unnið með þær á fjölbreyttan hátt, t.d. í hópastarfi, með sóknarskrift og beinni umskráningu.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Gátlisti verður notaður til að meta eftirfarandi þætti í ritun í sögubók: fyrirsögn, bil á milli orða, stór stafur, punktur, fylgja línu og vönduð vinnubrögð.</li> </ul> |

|                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                                                                   |                                                                         |
|-----------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------|
|                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Í upplýsingarmennt rita nemendur texta eftir fyrirmynnd.</li> </ul>                                                                                        |                                                                         |
| <b>Málfræði</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>beitt töluðu og rituðu máli af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málkilningi sem hæfir þroska,</li> <li>þekkt og fundið helstu einingar málsins, s.s. bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,</li> <li>raðað bókstöfum í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þeirra við leit og skipulag,</li> <li>gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,</li> <li>leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, s.s. margræðni orða, fundið kyn og tölu,</li> <li>búið til málsgreinar,</li> <li>greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta,</li> <li>leikið sér með orð og merkingu þeirra eins og að ríma og fara í orðaleiki,</li> <li>gert sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur fá <i>Orðabók</i> þar sem þeir eiga að skrá niður þau orð sem þeir ekki skilja.</li> <li>Unnið í vinnubókum, sögubók og í gegnum leik.</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Kannanir og verkefni.</li> </ul> |

**Námsmat:**

Stuðst er við leiðsagnarmat yfir veturinn og matið rætt í einstaklingsviðtölum við foreldra og börn. Hæfniviðmið eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið.

**Námsgögn:**

Fjálslestrarbækur fyrir heimalestur og hljóðlestur.

Skinna 1  
Ritrún 3  
Lesrún  
Skrift  
Leitin að hafernínúm  
Geitur í garðinum  
Sögubók  
Orða- og 5 orða bók  
Ritunarbók  
Lestrarbækur og lesskilningsverkefni ásamt öðru efni frá kennara.